
Jarðhitagarður á Hellisheiði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 31. maí 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orku náttúrunnar um fyrirhugaðan Jarðhitagarð á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jarðhitagarður. Fyrirspurn um matsskyldu. Landslag, Mannvit og Orka náttúrunnar, 31. maí 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvupósti dags. 22. júní 2018.
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 20. júní 2018.
- Heilbrigðiseftirlits Suðurlands með bréfi dags. 20. júní 2018.
- Landsneti með bréfi dags. 21. júní 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 21. júní 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 19. júní 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 8. júní 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. júní 2018.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 19. júní 2018.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 15. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 14., 22., 25. og 26. júní 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í greinargerð Orku náttúrunnar (ON) kemur fram að fyrirtækið fyrirhugi að þróa Jarðhitagarð á landsvæði sínu við Hellisheiðarvirkjun, á flatlandinu meðfram Búrfellslínu og Sogslínu, norðvestan Hamragilsvegar. Í Jarðhitagarði ON verði um 106 ha lands teknir undir lóðir til fjölnýtingar, en Jarðhitagarðinum sé ætlað að vera umgjörð um fjölbreytta starfsemi sem stuðli að sem bestri nýtingu afurða Hellisheiðarvirkjunar, jákvæðum umhverfisáhrifum og verðmætasköpun. Orka náttúrunnar er framkvæmdaraðili og muni leggja til skipulagt land og grunnvirki á borð við vegi og lagnir að lóðum fyrir hina ýmsu auðlindastrauma á borð við heitt vatn, kalt vatn, rafmagn, koltvísýring og jarðhitavatn.



Fyrirtæki sem hug hafi á að byggja upp starfsemi sína á svæðinu sækja um það til ON og fái úthlutað lóðum og byggja upp starfsemi sína í samráði við ON og í samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags. Hver sá sem hyggi á starfsemi í Jarðhitagarði verði ábyrgur fyrir því að sækja um nauðsynleg leyfi til viðeigandi leyfisveitenda fyrir starfsemi sína.

Fram kemur að fyrirhugaður Jarðhitagarður nái til norðvesturs frá Húsmúlarétt á flatlendi meðfram Búrfellslínu og Sogslínu. Svæðið sé að hluta til á grasi gróinni framburðarsléttu norðan við Reykjafell og neðan Hellisskarðs, Hamragils og Sleggjubeinsdals. Draugatjörn sé um einn kílómetra norðvestan við Kolviðarhól ásamt nokkru votlendi þar í kring. Hluti svæðisins sé á mosa vöxnu hrauni en vestar taki Svínhraun við. Með uppbyggingu Hellisheiðarvirkjunar hafi ásýnd svæðisins breyst. Það einkennist nú af því að þar er jarðhitavirkjun. Auk mannvirkja við stöðvarhús virkjunarinnar séu á svæðinu m.a. skiljustöðvar, tengivirki, borholur, safnæðar og aðveituæðar Hellisheiðarvirkjunar auk háspennulína sem liggja um svæðið og í nágrenni þess.

Vegir og lagnir

Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir aðkomuvegum að öllum lóðum og muni þeir tengjast núverandi þjónustuvegum sem liggja meðfram Sogslínu 2 og að vatnsveitu Hellisheiðarvirkjunar við Engidalskvísl. Núverandi þjónustuvegir eru grófir malarvegir. Gert sé ráð fyrir að þjónustuvegur meðfram Sogslínu verði malbikaður í áföngum. Fyrirhugaðir aðkomuvegir að lóðum verði lagðir í áföngum eftir því sem starfsemi í Jarðhitagarðinum byggist upp. Gert sé ráð fyrir að aðkomuvegir verði 7 m að breidd í samræmi við vegtegund C7 samkvæmt staðli Vegagerðarinnar. Ekki sé gert ráð fyrir að aðkomuvegir verði með bundnu slitlagi fyrst um sinn. Við framkvæmd aðkomuvega verði gróðurþekja/gróðursvarf fjarlægð og varðveitt til frágangs að framkvæmdum loknum. Gengið verði frá köntum og fláum nýrra aðkomuvega strax að framkvæmdum loknum og varðveitt gróðurþekja nýtt til frágangsins. Þannig verði haldið í staðargróður, sem fyrir er á svæðinu. Gróðurþekja sem ekki nýtist til frágangs verði varðveitt áfram og nýtt til frágangs annars staðar á orkuvinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar. Þessi umhverfisfrágangur er orðinn staðlaður í öllum framkvæmdum í tengslum við Hellisheiðarvirkjun. Hann hafi gefist vel á svæðinu til að lágmarka sjónræn áhrif af raski og til að varðveita staðargróður. Hæð vega miðist við áætlaða hæð lóða í Jarðhitagarði, en byggja þurfi lóðir upp úr landi til að verja þau ágangi vatns sem renni um svæðið í bleytutíð og vatnavöxtum og lyfti þeim upp úr snjó. Vegir verði byggðir þannig að þeir falli sem best að landinu og þoli nauðsynlegan þungaflutning vegna framkvæmda.

Gert sé ráð fyrir lagnabeltum frá Hellisheiðarvirkjun að öllum nýjum lóðum Jarðhitagarðs vegna fjölnýtingar. Lagnabeltin verði allt að 15 m breið og innan þeirra sé gert ráð fyrir bæði ofanjarðar og niðurgröfnum lögnum fyrir gufu, skiljuvatn, kalt og heitt vatn, jarðhitagas, rafmagn, ljósleiðara auk frárennslislagna. Tengilagnir verði lagðar að nýjum lóðum frá Hellisheiðaræð, sem flytji heitt vatn frá Hellisheiðarvirkjun til Reykjavíkur, og lögnum sem flytji kalt vatn að virkjanasvæðinu. Nýjar tengilagnir verði samnýttar eins og kostur er á og raski þannig haldið í lágmarki. Samhliða tengilögnum fyrir heitt og kalt vatn sé gert ráð fyrir að leggja frárennslislagnir, þar sem vatni sem hafi eingöngu verið nýtt til upphitunar eða kælingar verði hringrásað aftur inn á stofnæðar fyrir heitt og kalt vatn. Jarðhitagarðurinn verði byggður í áföngum og muni tengilagnahönnun fylgja þeim áföngum. Skiljuvatnslagnir, rafstrengir og lagnir fyrir jarðhitagas verði lagðar frá Hellisheiðarvirkjun meðfram þjónustuvegi við Sogslínu að Jarðhitagarði en leggja þurfi tengilagnir að nýjum lóðum. Tengilagnir fyrir skiljuvatn og jarðhitagas verði eingöngu lagðar að þeim lóðum þar sem starfsemi sem hyggst nýta þessa auðlindastrauma fer fram. Gert sé ráð fyrir því við úthlutun lóða að slík starfsemi verði í nálægð við sambærilega starfsemi til að hámarka nýtingu lagna og lágmarka rask sem hlýst af lagningu þeirra. Ljósleiðari liggja í gegnum lóðina næst borsvæði við tengivirki og Búrfellslínu 2 og 3A. Vegna þessa sé þörf á að færa ljósleiðarann á um 200 m kafla og gert er ráð fyrir að hann færast norður og austur fyrir lóðina. 11 kV háspennulína liggja yfir fyrirhugaðar lóðir sunnan Sogslínu 2. Gert sé ráð fyrir að línan verði lögð í jörð á um 1,8 km kafla og muni hún liggja norðan fyrirhugaðra lóða og sunnan þjónustuvegar sem liggja meðfram Sogslínu 2.



Gengið verði frá niðurgröfnum lögnum með sama hætti og annars staðar á orkuvinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar. Gróðurþekja verði varðveitt við hlið pípustæðis og lögð aftur ofan á að framkvæmd lokinni. Á lóðunum er gert ráð fyrir þeim möguleika að sameiginlegt fráveitukerfi verði fyrir lóðir en einnig sé mögulegt, sér í lagi á stærri lóðum, að hver lóð verði með sérstakt fráveitukerfi. Metið verði í hverju tilfelli fyrir sig hvers kyns fráveitukerfi sé heppilegast fyrir tiltekna starfsemi áður en framkvæmdaleyfi verði gefið út af sveitarfélaginu.

Manir

Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir jarðvegsmönnum í jaðri Jarðhitagarðsins til suðurs og vesturs, utan lóða, í þeim tilgangi að draga úr sýnilegum áhrifum. Manirnar muni skyggja að talsverðu leyti á mannvirki og minnka þannig möguleg sjónræn áhrif. Gert sé ráð fyrir að jarðvegur í manirnar komi annars vegar frá framkvæmdum innan Jarðhitagarðs, hins vegar frá öðrum framkvæmdum á orkuvinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar. Framkvæmdir við gerð jarðvegsmána muni fylgja öðrum framkvæmdum innan Jarðhitagarðs og þær byggðar upp eftir því sem starfsemi í honum vindur fram. Í skilmálum deiliskipulags Jarðhitagarðs er framkvæmdaraðilum innan garðsins skylt að tilkynna umhverfisstjóra Orku náttúrunnar um jarðvegsefni sem falli til við framkvæmdir og ekki sé nýtt innan lóðar framkvæmdaraðila. Gróðurþekja á svæðinu verði varðveitt meðan framkvæmdir standi, m.a. til að klæða manirnar og stuðla þannig að endurheimt staðargróðurs og einnig til þess að minnka sjónræn áhrif.

4 UMHVERFISÁHRIF

Jarðmyndanir

Fram kemur að svæðið sem fari undir lóðir Jarðhitagarðs sé grasi gróið flatlendi að hluta til en að hluta til séu lóðir og fyrirhugaðar byggingar á vel grónu nútímahrauni (Hellisheiðarhraun) sem njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd. Öll helstu misgengi og gossprungur séu austan við fyrirhugaðan Jarðhitagarð. Jaðar Svínahrauns, sem er á náttúruminjaskrá, sé skammt vestan fyrirhugaðs Jarðhitagarðs. Í greinargerð ÍSOR um jarðfræðilegar aðstæður á virkjanasvæði séu ábendingar um gígaraðir, gíga, misgengi og brennisteinshveru sem lagt er til að hlífa við raski. Sumar þessara jarðmyndana hafa í framhaldinu verið hverfisverndaðar í skipulagi, en engar þessara jarðmyndana séu innan fyrirhugaðs uppbyggingasvæðis Jarðhitagarðs. Framkvæmdir við vegi, lagnir, önnur mannvirki og byggingar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis Jarðhitagarðs hafi í för með sér jarðrask sem hafi áhrif á jarðmyndanir. Um 80 hektarar nútímahrauns sem njóti verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd fari undir lóðir. Vegna þessa séu áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar Jarðhitagarðs á jarðmyndanir talin neikvæð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að við gatna og lóðagerð muni verða raskað hrauni á fyrrnefndu svæði en um það liggi nú tveir vegir og háspennulína. Hér sé að hluta um raskað hraun að ræða. Ekki sé gerð grein fyrir því hvort leitað hafi verið leiða til að draga úr raski á hrauni í samræmi við 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þar segi að forðast ber að raska hrauni nema brýna nauðsyn beri til. Í því tilfelli sem hér um ræði sé framkvæmdasvæðið fært frá sléttlendi út á hraun vegna fornminja [við Draugatjörn] án þess að kannað hafi verið hvort verndargildi þeirra felist í öðru en upplýsingagildi og mögulega mættu þær því víkja að undangenginni rannsókn. Umhverfisstofnun telur að best hefði farið á því að skilgreina lóðir alfarið norðan Sogslínu og fella lóðirnar betur að landi.

Í svörum ON kemur fram að ekki hafi komið til álita að staðsetja Jarðhitagarð annars staðar en á þegar skilgreindu iðnaðarsvæði í aðalskipulagi. Fornminjar á svæðinu við Draugatjörn séu ekki ráðandi þáttur í staðsetningu Jarðhitagarðsins, heldur að landnotkun sé í samræmi við stefnu aðalskipulags. Ef Jarðhitagarður væri alfarið norðan Sogslínu og við Draugatjörn líkt og Umhverfisstofnun leggi til, þá sýni jarðfræðikort fyrir svæðið umhverfis Jarðhitagarðinn, sem og



prufuholur suðaustast í honum, að eftir því sem nær dragi hlíðum Húsmúla séu þykkari setlög og lengra niður á fast. Í prufuholum séu 6-7 m niður á fast og í Sleggju séu 11 m niður á fast. Talið sé að það sé jafnvel enn lengra niður á fast nær hlíðum Húsmúla. Því sé erfitt byggingarland norðan við Sogslínu. Að auki séu tvær háspennulínur norðan við afmörkun Jarðhitagarðs. Búrfellslína 3a sé byggð fyrir 400 kV spennu. Helgunarsvæði fyrir háspennulínu af þeirri stærð sé á bilinu 75-90 m og sé því mjög takmarkandi á aðra landnotkun á svæðinu næst þeim.

Gróður

Fram kemur að gróðurfar á því svæði sem fer undir Jarðhitagarð einkennist af grónu þurrlendi og séu allar tegundir tiltölulega algengar á landsvísu. Gróðurþekja muni hverfa af svæði þar sem gert sé ráð fyrir framkvæmdum vegna vega, lagna, annarra mannvirkja og bygginga innan skipulagssvæðis Jarðhitagarðs. Þar sé gróið graslendi eða gróið hraun, en í báðum tilfellum sé um að ræða svæði sem ekki séu frábrugðin svæðum umhverfis Jarðhitagarðinn. Ekki sé verið að spilla sérstæðum gróðurfélögum, sjaldgæfum tegundum eða tegundum á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samkvæmt skilmálum deiliskipulags skuli gróður þekja a.m.k. 10% af lóðum. Staðargróður skuli að jafnaði nýttur við frágang á lóðum. Við framkvæmdir skuli varðveita gróðurþekju á svæðinu eftir því sem kostur er og nýta hana til frágangs að framkvæmdum loknum.

Vistgerðir

Fram kemur að innan fyrirhugaðs Jarðhitagarðs sé að finna alls 26 vistgerðir. Vistgerðir með hátt verndargildi séu á tæpum 15% svæðisins en vistgerðir með mjög hátt verndargildi finnast á aðeins 1% svæðisins. Áhrif þróunar Jarðhitagarðs á vistgerðir verði neikvæð.

Landnotkun

Fram kemur að fyrirhugaður Jarðhitagarður sé ekki á skilgreindu vatnsverndarsvæði en umhverfis svæðið til suðurs, vesturs og austurs sé skilgreint fjarsvæði vatnsverndar fyrir vatnsbólíð Bolavelli auk þess sem grannsvæði vatnsverndar fyrir sama vatnsból er skammt norðan svæðisins. Í Heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu sé gert ráð fyrir að 52 km² svæði innan sveitarfélagsins Ölfus verði skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins og m.a. það svæði sem fyrirhugaður Jarðhitagarður nái til. Þrátt fyrir að Sveitarfélagið Ölfus sé ekki eitt af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu þá sé hluti sveitarfélagsins, og m.a. það svæði sem Jarðhitagarðurinn nái til, innan áhrifasvæðis vatnsverndar og því séu settir skilmálar í deiliskipulagi vegna starfsemi á svæðinu. Öll mannvirkjagerð á vatnsverndarsvæðinu sé háð afar ströngum skilyrðum og takmörkunum og krefjist starfsleyfis heilbrigðisnefndar Suðurlands að undangengnu áhættumati áður en framkvæmdir hefjist. Hugsanleg umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnsvernd séu fyrst og fremst vegna lekahættu ef til olúóhapps kæmi. Nú þegar séu til strangar reglur sem gildi um verktaka á vatnsverndarsvæðum. Tilgangur þeirra sé að fyrirbyggja óhöpp og ef þau eigi sér stað, sé gripið til vel skilgreindra aðgerða til að draga úr óæskilegum áhrifum á grunnvatn. Með eftirliti með tækjum og vinnuvélum og takmörkun á flutningi olú og annarra mengandi efna vegna framkvæmda á svæðinu megi koma í veg fyrir hugsanleg óhöpp en ef þau verði að þá sé gripið til nauðsynlegra aðgerða. Með því að fylgja öryggisreglum samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla ásamt virku eftirliti megi koma í veg fyrir slík óhöpp og sé talið að þróun Jarðhitagarðs muni hafa óveruleg áhrif á vatn. Áhættumat verði framkvæmt síðar í tengslum við umsókn um framkvæmdaleyfi.

Loftgæði

Í greinargerð kemur fram að ON hafi unnið markvisst að því að minnka losun brennisteinsvetnis (H₂S) og annarra jarðhitagastegunda frá Hellisheiðarvirkjun. Árið 2014 hafi lofthreinsistöð fyrir hreinsun brennisteinsvetnis verið tekin í notkun. Síðan þá hafi verið tekin markviss skref í átt að aukinni hreinsun og nú sé um 70% brennisteinsvetnis hreinsað frá virkjuninni og dælt niður í jarðlög við Húsmúla. Losun brennisteinsvetnis út í andrúmsloft sé því einungis brot af því sem var áður en



lofthreinsistöðin var tekin í gagnið og gert sé ráð fyrir því að hlutfallsleg niðurdæling brennisteinsvetnis aukist enn frá því sem nú er. Ennfremur sé nánast öllu gasmettuðu þéttivatni blandað í skiljuvatn og því skilað niður í jarðhitageyminn. Markmið Jarðhitagarðsins sé að nýta sem best auðlindastrauma sem verði aðgengilegir við nýtingu jarðvarmans, þar með talið jarðhitagös. Slík fjölnýting geti minnkað kolefnisspor Hellisheiðarvirkjunar frá því sem það er í dag ásamt því að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Gert sé ráð fyrir því að með þróun Jarðhitagarðs muni losun koltvísýrings (CO₂) á gasformi frá Hellisheiðarvirkjun minnka enn frekar miðað við það sem hún er dag. Fjölnýting í Jarðhitagarði muni nýta CO₂ sem losni nú við orkuframleiðslu Hellisheiðarvirkjunar í stað þess að afla þess með öðrum hætti. Fjölnýting eins og sú sem lýst sé hér að ofan minnki bæði losun frá virkjun, en einnig hugsanlega losun annars staðar í heiminum. Með fyrirhuguðum framkvæmdum sé verið að minnka kolefnisspor virkjunarrekstursins eins og kostur er, sem sé talið hafa jákvæð áhrif. Áhrif á loftgæði séu talin óveruleg eða jákvæð.

Ásýnd og landslag

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að lóðir fyrir fyrirtæki sem byggi rekstur sinni á fjölnýtingu Jarðhitagarðs verði vestan við núverandi virkjanasvæði, á flatlendinu á milli Búrfellslína og Sogslínu. Svæðið sem fari undir lóðir Jarðhitagarðs sé nokkuð flatt og sé landslag þar fremur einsleitt. Ásýnd svæðisins beri því þess merki að þar er virkjun með öllum þeim mannvirkjum sem henni fylgja. Landslagsgreining hafi verið gerð á Hengillsvæðinu árið 2009, þar sem landslag var flokkað í landslagsheildir eftir ákveðnum grunnþáttum og mat lagt á hvaða landslagsheildir þyki hafa mjög hátt eða hátt gildi. Jarðhitagarður sé staðsettur í landslagsheild sem þyki ekki hafa hátt eða mjög hátt gildi. Fyrirhugaðar byggingar og mannvirki þeim tengd verði sýnilegar frá Suðurlandsvegi og Hamragilsvegi. Mótþægisaðgerðir til að lágmarka sjónræn áhrif felist í deiliskipulagsskilmálum sem settir eru um frágang lóða og bygginga s.s. lóðamörk, geymslusvæði og sorpgerði. Þá séu einnig skilmálar um mestu hæð mannvirkja, þakhalla, yfirborðslit, lýsingu og aðkomu að byggingum. Að auki sé gert ráð fyrir mótþægisaðgerðum í jaðri Jarðhitagarðsins til suðurs og vesturs með jarðvegsmönnum til að milda ásýnd að svæðinu og takmarka sjónræn áhrif. Lögð er rík áhersla á að fyrirhuguð uppbygging falli vel að nánasta umhverfi sínu og lögð áhersla á að nýta gróðurþekju sem til fellur vegna framkvæmda á svæðinu til frágang á lóðum og til þess að klæða manir og minnka með því sjónræn áhrif sem ásýnd að svæðinu hafi. Vegna ofangreindra mótþægisaðgerða séu áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar Jarðhitagarðs á landslag og sjónræn áhrif talin óveruleg.

Í umsögn Ferðamálastofu kemur fram að sjónrænum áhrifum fyrirhugaðra bygginga og mannvirkja sem á að reisa á þessu svæði ætti að halda í lágmarki. Erfitt sé að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda þegar ekki sé ljóst hverjar þær verði en um sé að ræða tiltölulega stórt svæði og mikið byggingarmagn utan þéttbýlis. Mikilvægt sé að fyrirhugaðar framkvæmdir komi ekki til með að hafa truflandi áhrif á ásýnd þeirra ferðamanna sem fari um svæðið eða aki um Suðurlandsveg og Hamragilsveg.

Í svörum ON kemur fram að umrætt svæði sé á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Fyrir utan mannvirki tengd Hellisheiðarvirkjun, svo sem stöðvarhús, skiljustöðvar, borholur og lagnir, þá séu einnig þrjár háspennulínur innan afmörkunar deiliskipulagsbreytingar sem séu sýnilegar víða að. Þessi mannvirki setji nú þegar svip sinn á ásýnd svæðisins, bæði frá Suðurlandsvegi og frá gönguleiðum næst deiliskipulagssvæðinu. Skipulagsskilmálar í deiliskipulagsbreytingunni hafi að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd. Jarðhitagarður sé staðsettur í landslagsheild sem þyki ekki hafa hátt eða mjög hátt gildi í landslagsgreiningu. Gera megi ráð fyrir að mannvirki í Jarðhitagarði verði sýnileg frá Suðurlandsvegi, líkt og þau mannvirki sem þegar eru á svæðinu. Áhrif núverandi mannvirkja á ásýnd hafi verið milduð með landmótun með jarðvegsmönnum til suðurs og vesturs og gert sé ráð fyrir samsvarandi landmótun fyrir fyrirhuguð mannvirki í Jarðhitagarði. Aðrar mótþægisaðgerðir sem miði að því að milda ásýnd svæðisins felist meðal annars í skilmálum fyrir byggingar sem útfærðir eru með það í huga að samræma útlit og form bygginga á svæðinu. Ekki sé gert ráð fyrir hærri byggingum í Jarðhitagarði en eru fyrir á svæðinu.



Menningarminjar

Fram kemur að skráðar fornminjar séu innan fyrirhugaðrar lóðar sem liggja nærst borsvæði við tengivirki og Búrfellslínu 2 og 3A. Um sé að ræða götupaldra, sem ekki eru vel sýnilegir og séu ekki staðsettir nákvæmlega. Þar sem minjastaðurinn sé innan lóðar verði ekki gefið út framkvæmda- og byggingarleyfi innan lóðarinnar fyrr en nánari athugun á vettvangi hafi farið fram í samráði við Minjastofnun Íslands. Við Draugatjörn, norðan Jarðhitagarðsins séu fornminjar sem ekki má raska, s.s. gömul rétt, leifar af sæluhúsi, vörður og fyrirstöðuhleðslur.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að fá þurfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar á deiliskipulagssvæðinu þar sem fyrri skráning er frá 1998 og lítil áhersla hafi verið lögð á það svæði sem framkvæmdasvæði Jarðhitagarðs taki til.

Í svörum ON kemur fram að stefnt sé að því að skrá fornleifar á skipulagssvæðinu að nýju þar sem þær skráningar sem unnar hafi verið uppfylli ekki þær kröfur sem í gildi eru. Ekki sé raunhæft að slík skráning fari fram áður en breyting þessi á deiliskipulagi öðlist gildi. Ljóst sé að fyrirhugaður Jarðhitagarður muni byggjast upp í áföngum á löngum tíma. Ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum á öllu svæðinu í einu. Vegna þessa stefni ON á að láta skrá minjar í Jarðhitagarðinum í áföngum, eftir því sem eftirspurn verði eftir lóðum á svæðinu. Gert sé ráð fyrir að slík skráning fari fram áður en framkvæmdir hefjist á þeirri lóð sem um sé að ræða.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Þar sem Jarðhitagarði er ætlað að vera rísa er skilgreint iðnaðarsvæði í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Deiliskipulag fyrir svæðið hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða Jarðhitagarð við Helligheiðarvirkjun til að nýta tilfallandi afurðir frá virkjuninni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar og mengunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki er fyllilega ljóst hver áhrif Jarðhitagarðs verða með tilliti til eðli framkvæmdar. En ljóst er að með framkvæmdunum er stefnt að því að nýta betur orku, hliðarafurðir og úrgang sem fellur til við rekstur Helligheiðarvirkjunar. Samlegðaráhrif með rekstri virkjunarinnar eru því líkleg til að vera jákvæð þar sem margvíslegur úrgangur og hliðarafurðir verða nýttar betur án þess að ganga á náttúrulegar auðlindir. Þar sem ekki er ljóst hvers konar starfsemi kemur til með að vera í Jarðhitagarðinum er nokkur óvissa um mögulega úrgangsmýndun og mengun af völdum mögulegrar starfsemi. Þrátt fyrir þá óvissu telur Skipulagsstofnun að eðli framkvæmdar kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum.



Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra.

Fyrirhugaður Jarðhitagarður er að verulegu leyti á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd eins og Umhverfisstofnun benti á í umsögn sinni. Orka náttúrunnar benti á að erfitt væri um vik að færa skipulagssvæðið þar sem háspennulínur og þykkur jarðvegur takmarka möguleika á því að færa svæðið til norðurs. Skipulagsstofnun bendir á að forðast ber að raska náttúruminum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nema brýna nauðsyn beri til. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að náttúruverndarlögum kemur fram að með orðalaginu „brýn nauðsyn“ sé lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Í því tilfalli sem hér um ræðir er hraunið vel gróið og því er ásýnd þess fremur gróið svæði heldur en úfið hraun. Skipulagsstofnun telur brýnt að þegar framkvæmdir hefjast á einstökum lóðum eigi að varðveita eins mikið af náttúrulegu yfirborði þeirra eins og frekast er kostur og halda öllu raski í lágmarki. Þannig að lóðir bera svipmót umhverfisins eins og mögulegt er þrátt fyrir mannvirki. Minjastofnun Íslands benti á nauðsyn þess að vettvangsskráning fornleifafræðings færi fram áður en framkvæmdir hæfust. ON hefur greint frá því að fornleifafræðingur verði fenginn á vettvang til að skoða svæðið í áföngum eftir því sem fyrirhugað er að hefja framkvæmdir á einstökum lóðum. Skipulagsstofnun telur að það væri heppilegra að svæðið yrði skoðað í heild og bendir á nauðsyn þess að áður en undirbúningsframkvæmdir hefjast, t.d. vegna grunnvirkja sem eiga að þjóna fleiri en einni lóð, þarf að skoða umfangsmeira svæði ein stakar lóðir. Þá bendir Skipulagsstofnun á að fyrirhugaður Jarðhitagarður teygir sig inn á fjarsvæði vatnsverndar fyrir vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Í starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunar eru skilmálar um fráveitur sem muni jafnframt gilda um fyrirhugaða starfsemi í Jarðhitagarði. Verði þeim fylgt telur Skipulagsstofnun að staðsetning framkvæmdar gefi ekki tilefni til að fyrirhugaður Jarðhitagarður fari í mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkur á áhrifum, tímalengd, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnun ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmda liggja áhrifin fyrir að því marki að ljóst er hver þau verða með því að taka fyrirhugað svæði undir mannvirki. En á móti kemur að ekki er fullljóst hvers konar starfsemi verði í Jarðhitagarði og því ekki ljóst um umhverfisáhrif þeirrar starfsemi sem verður þar. Skipulagsstofnun tekur undir með Ferðamálastofnu og telur að svæðið muni hafa í för með sér miklar ásýndarbreytingar og áhrif á landslag þar sem um 106 hektarar á sléttlendinu norðvestur af Hellisheiðarvirkjun muni verða undirlagðir af byggingum. Skipulagsstofnun er ekki sammála Orku náttúrunnar um að sjónræn áhrif og áhrif á landslag verði óveruleg. Skipulagsstofnun telur það þvert á móti verða neikvæðustu áhrif Jarðhitagarðsins þó svo að orkumannvirki séu skammt undan. En vissulega eru fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir s.s. skermun með jarðvegsmönnum, takmörkun á hæð bygginga, samræming á formi þeirra ásamt litavali og lýsingu til þess fallnar að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Í ljósi þess telur Skipulagsstofnun að með hliðsjón af eiginleikum hugsanlegra áhrifa sé ekki ástæða til að meta umhverfisáhrif Jarðhitagarðs.



Ákvörðunarorð

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orku náttúrunnar við tilkynningu, umsagnir og og frekari upplýsingar framkvæmdaraðila. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Jarðhitagarður við Hellisheiðarvirkjun, sé ekki líklegur til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háður mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að ákvörðun þessi tekur eingöngu til ákvörðunar vegna þróunar iðnaðarsvæðis vegna Jarðhitagarðs. Ekki liggur ljóst fyrir hvers konar starfsemi kemur til með að vera á svæðinu. Því þarf að skoða í hverju tilfalli fyrir sig hvort viðkomandi starfsemi og framkvæmdir henni tengdar falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. ágúst 2018.

Reykjavík, 29. júní 2018

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson